Minnisblað

Lagfæring öryggissvæðis meðfram Krýsuvíkurvegi frá Leiðarendavegi að námuvegi við Vatnsskarðsnámur

Vegagerðin hefur hug á að lagfæra 15m breitt öryggissvæði beggja vegna Krýsuvíkurvegar frá Leiðarendavegi að námuvegi að Vatnsskarðsnámum. Fyrirhugað er að byrja framkvæmdir haustið 2026 og væntanlega að ljúka þeim á árinu 2027. Í framhaldi á næstu árum má svo búast við að farið verði í lagfæringar á öryggissvæði meðfram veginum frá hringtorgi við Ásvallabraut/Dofrahellu að Leiðarendavegi.

„*öryggissvæði vegar er svæði meðfram akbraut þar sem hættum fyrir ökutæki sem aka út af vegi er haldið í lágmarki. Þar eiga því almennt ekki að vera hættulegar hindranir, brattir fláar eða önnur mannvirki sem geta aukið afleiðingar útafakstursins.*“

1. Mótun öryggissvæðis í hrauni

Verkið felst í að móta um 15 m breitt öryggissvæði frá brún akbrautar meðfram vegi þar sem leyfður hraði er 90 km/klst. Núverandi land er úfið hraun, víða með hraunhnúðum, lausum og föstum steinum, gjótum og staðbundnum ójöfnum.

Markmið framkvæmdarinnar er að skapa samfellt og fyrirgefanlegt vegumhverfi þannig að ökutæki sem víkur út af akbraut rekist ekki á skarpar hraunbrúnir, stóra fasta steina, opnar gjótur eða skyndilegar hallabreytingar.

Yfirborð öryggissvæðisins skal mótað með mjúku falli frá brún akbrautar og út að náttúrulegu landi. Halli skal að jafnaði vera um 1:10–1:20, eftir hæðarlegu lands og aðstæðum á hverjum stað. Ekki er gerð krafa um nákvæmt fast þversnið eftir allri leiðinni, heldur skal leitast við að lágmarka jarðrask og fyllingarmagn samhliða því að ná samfelldu og greiðfæru yfirborði.

Þar sem núverandi hraun er nálægt hæð akbrautar skal fyrst og fremst vinna með staðbundna lækkun hraunhnúða, fyllingu í gjótur og yfirborðsmótun. Þar sem hraun liggur neðar skal nýta brotið hraun og annað hæft gróft efni til fyllingar og móta yfirborðið þannig að ekki myndist skörp hallabrot.

Vegagerðin
Svanur Bjarnason





Dæmi um vegsvæði á Krýsuvíkurvegi þar sem öryggissvæði hefur verið jafnað út á sínum tíma.